



Lúxemborg, 17. október 2014

FRÉTTATILKYNNING 13/2014

Dómur í máli E-28/13 *LBI hf. gegn Merrill Lynch Int.Ltd.*

RIFTUN SAMKVÆMT GJALÐROTASKIPTALÖGUM OG LAGASKIL

Með dómi sem kveðinn var upp í dag svaraði EFTA-dómstóllinn spurningum sem Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði til hans um túlkun tilskipunar 2001/24/EB Evrópuþingsins og ráðsins um endurskipulagningu og slit lánastofnana.

Samkvæmt tilskipuninni skal lánastofnun slitið í samræmi við lög, reglur og málsmeðferð sem í gildi er í því EES-ríki þar sem hún hefur heimilisfesti („heimaaðildarríki“). Frá þessu er þó gerð undartekning um reglur er varða það hvort löggerningar, sem eru öllum lánardrottnum skaðlegir, séu ógildir, ógildanlegir eða skorti réttarvernd, svo framarlega sem þeim sem hefur hag af löggerningnum takist að sanna að gerningurinn falli undir lög aðildarríkis annars EES-ríkis en heimaaðildarríkis, og að lög hins ríkisins bjóði engin úrræði til að vefengja gerninginn sem um ræðir.

Ágreiningurinn fyrir landsdómstólnum snýst um þrjár greiðslur sem íslensk lánastofnun innti af hendi áður en hún var tekin til slitameðferðar. Viðtakandi greiðslanna var ensk lánastofnun og féllu löggerningarnir undir ensk lög. Héraðsdómur Reykjavíkur fór þess á leit við dómstóllinn að hann skýrði hvort hugtökin ógildi, ógildanleiki eða skortur á réttarvernd gerninga vísuðu til reglna um riftun ráðstöfunar samkvæmt gjaldþrotalögum. Þá lutu spurningar héraðsdóms að því hvaða kröfur væru gerðar til sönnunar þess að löggerningur sé ekki vefengjanlegur samkvæmt löggjöf annars EES-ríkis.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að tilskipunin takmarkaði ekki á hvaða grundvelli telja mætti löggerning ógildan, ógildanlegan eða að hann skorti réttarvernd. Sjónarmiðið sem réði úrslitum væri hvort gerningurinn gæti skaðað réttindi lánadrottna. Taldi dómstóllinn því að orðalagið ógildi, ógildanleiki eða skortur á réttarvernd löggerninga tæki einnig til riftunar ráðstafana samkvæmt gjaldþrotarétti á grundvelli reglna um undanskot.

Dómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að svo framarlega sem löggerningur teldist öllum lánardrottnum skaðlegur skipti það ekki sköpum hvort úrræði til að vefengja löggerninginn væru á grundvelli gjaldþrotaréttar eða annarra reglna. Þá hefði það ekki þýðingu hvort vefenging byggðist á efnislegum reglum eða reglum sem lytu að málsmeðferð, eins og til dæmis reglum um málshöfðunarfrest. Sérstakt mat á viðkomandi löggerningi yrði að fara fram hverju sinni. Af því leiddi að þótt almennt séð væri hægt að vefengja gerninginn samkvæmt lögum þess EES-ríkis sem við ættu, myndi þeim sem hag hefði af gerningnum nægja að sýna fram á að skilyrði fyrir vefengingu væru ekki uppfyllt í því máli sem um ræddi.

Að því er snerti sönnunarkröfur gat dómstóllinn þess að lokum að meta þyrfti samkvæmt reglum heimaaðildarríkisins hvort þeim sem hag hefði af löggerningnum hefði tekist að sanna að lögin sem ættu við um gerninginn veittu engin úrræði til að vefengja hann.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir